

## SAMÞYKKT

### um fráveitur og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 2. gr.

Sveitarfélag ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarféluginu í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Sveitarfélagið starfrækir fráveitur í þéttbýlinu á Borg og í Ásborgum. Sveitarsjóður kostar rekstur fráveitna sveitarfélagsins og framkvæmdir við þær.

Sveitarfélagið sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna, þ.e. stofnlagna, safnkerfa og fráveitutenginga. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitasjóðs til reksturs og framkvæmda við þær.

Sveitarfélagið getur tekið að sér fráveitu á öðrum svæðum í sveitarféluginu í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Sveitarstjóri fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

#### 3. gr.

Fráveitur veita frárennsli sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Sveitarsjóður er eigandi fráveitna sveitarfélagsins að heimæðum húseigna.

#### 4. gr.

Par sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir tengingu frá fráveitukerfi að heimæð húseigna. Par sem fráveitan liggar um lóðir skal séð fyrir tengigrein á holræsalögnum.

Sveitarstjóri, undir yfirstjórn sveitarstjórnar, fer með stjórn framkvæmda er fráveitu sveitarfélagsins varðar og ákveður legu götulagna og tengigreina.

Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórm fráveitukerfisins.

#### 5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggar er skylt að annast lagningu og viðhald heimæða fyrir frárennsli að tengingu við fráveitukerfi. Lagnirnar skulu tengjast lögnum fráveitu á þeim stað og með þeiri hæðarsetningu sem sveitarfélagið tilgreinir. Pregar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

#### 6. gr.

Pregar ekki er unnt að ná nægilegum halla á frárennsli húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að rotþró eða safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita frárennsli frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Eigandi eða rétthafi lóðar við götu, gönguleið eða opið svæði þar sem fráveitulögn liggar á rétt á að fá tengingu við fráveitukerfi. Þurfi að gera breytingar á tengingum við fráveitu vegna framkvæmda á vegum lóðarhafa skal hann sækja um leyfi til stjórnar fráveitu. Lóðarhafi ber sjálfur kostnað af breytingunum. Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

## 7. gr.

Þar sem sveitarstjórn nýtir ekki heimild sína skv. 3. mgr. 2. gr. skal landeigandi sjá til þess að skólp sé hreinsað og koma á safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirkri eftir því sem nánar er kveðið á um í deiliskipulagi. Þar sem ekki er til staðar sameiginleg fráveita skal frárennsli einstakra húsa veitt í hreinsivirkri, t.d. rotþró með siturlögn. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang hreinsivirkis, svo sem rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra en sveitastjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar. Rotþró skal samþykkt af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar og skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum samkvæmt nánari ákvæðum samþykktar þessarar. Hreinsun fer fram á vegum sveitarfélagsins, að jafnaði annað hvert ár við skóla heilbrigðisstofnanir, veitinga- og gistibjónustu og þriðja hvert ár við heimili og sumarhús. Fulltrúi sveitarfélagsins hefur yfirstjórn með verkinu og skal hann jafnframtað vera tengiliður og sjá um samskipi við þá aðila sem annast verkefnin á hverjum tíma, í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands sem skal hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd ákveður verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist. Eingöngu þeir er hafa starfsleyfi samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun mega annast framkvæmd við hreinsun hreinsivirkis.

## 8. gr.

Þegar tengja skal heimæð húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita frárennsli frá þeim um hreinsivirkri, svo sem rotþró með siturlögn, skal sækja um það til byggingareftirlits sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra. Sé þörf á er sveitarstjórn heimilt að óska eftir teikningum af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins, ásamt teikningum sem sýna gerð hreinsivirkis, stærð og staðsetningu þess og losun í viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Hreinsivirkri skal valinn þannig staður að auðvelt sé að komast að því með tæki til hreinsunar, sbr. 11. gr.

## 9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

## 10. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

## 11. gr.

Eigendum fasteigna er skyldt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skyldt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

## 12. gr.

Húseigendum er skyldt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins olíur, bensín, lífræn leysiefni, önnur spilliefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka.

Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra samkvæmt þeim.

## 13. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráræsislagrir frá húseigendum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða öðrum orsökum skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

## 14. gr.

Sveitarfélagið skal innheimta gjald fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd tenginga. Heimilt er sveitarfélaginu að innheimta með tengijaldi hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi, þó ekki kostnaði vegna stofnlagna nema þær gegni jafnframt hlutverki safnkerfa. Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbryggingu og rekstur fráveitna og skal sveitarfélagið láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 15. gr.

Af þeim fasteignum í sveitarfélaginu sem liggja við vegi, götur eða opin svæði sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Þar sem frárennslí er veitt frá atvinnustarfsemi eða vegna annars en venjulegra heimilisnota í fráveitukerfi sveitarfélagsins er heimilt að innheimta gjald vegna losunar miðað við innrennslí vatns samkvæmt mæli. Sé vatn notað til framleiðslu þannig að því sé ekki veitt í fráveitukerfi skal notandi mæla notkun þess. Sú notkun skal dregin frá innmældu magni við útreikning á gjaldi. Verði mælingu ekki við komið skulu aðilar meta vatnsnotkun til frádráttar á innmældu vatnsmagni.

## 16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna.

## 17. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignalóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbryggingu og rekstur fráveitna og skal sveitarfélagið láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

## 18. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbryggingu og rekstur fráveitna og skal sveitarfélagið láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemí sannanlegum kostnaði við verkið.

## 19. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbryggingu og rekstur fráveitna til að lækka eða fella niður gjöld samkvæmt þessum lögum hjá tekjulágumelli- og örorkulifeirisþegum samkvæmt reglum sem sveitarstjórn setur.

Nr. 1018

11. desember 2009

20. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsiákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmæðferð sem boðin er í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

21. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 106/2005 um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, viinsslu eða förgun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Umhverfisráðuneytinu, 11. desember 2009.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

*Logi Kjartansson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2009